



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 16:30.
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Arna Þórdís Árnadóttir.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Starf hópa á miðvikudögum; meistaradeild, öryrkjaráðið, innflytjendur, verkalýðsráð, ungir og sósíalískir femínistar

Fundirnir ræddir, t.a.m. gekk síðasti fundur hjá sósíalískum femínistum prýðisvel, en slök mæting var hjá ungum.

3. Aðrir Zoom-viðburðir, t.d. sósíalísta-kaffi

Haldið var áfram að ræða tæknilega útfærslu Zoom-fundanna.

4. Annað starf í samkomubanni

Samþykkt var að halda sameiginlegan fund allra stjórna næsta mánudag í stað framkvæmdastjórnarfundar.

5. Staða flokksins í umræðu samfélagsins

Fundarmenn veltu m.a. fyrir sér hversu áberandi flokkurinn sé nú. Talað var um mikla möguleika í uppbyggingu hóps sósíalískra femínista.

6. Fjárhagsstaða

Flokkurinn: 2.553.130 kr., Maístjarnan: 2.961.936 kr.

Ítrekað að stofna þurfi sem fyrst sérkennitölu fyrir Maístjörnuna.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.